



Samgöngunefnd Alþingis
bt. Stefán Árni Auðólfsson nefndarritari.
Skrifstofa Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.


Hornafirði, 15. apríl 2005

Málefni: Bókun Bæjarstjórnar Hornafjarðar um samgönguáætlun 2005 - 2008.

Meðfylgjandi í viðhengi er bréf til samgönguráðherra með bókun Bæjarstjórnar Hornafjarðar frá 7. apríl s.l. um ofangreint málefni og er þess óskað að nefndin taki málið til athugunar.

Erindið verður einnig sent í almennum bréfapósti.

Virðingarfyllst,


Ólafía I. Gísladóttir
ritari



Meðf.

Afrit fá:



Sturla Böðvarsson
Samgönguráðherra
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu
150 Reykjavík

AFRIT

Málefni: Ný brú yfir Hornafjarðarfjót.

Á 84. fundi bæjarstjórnar Hornafjarðar þann 7. apríl 2005 var þingsályktun um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2005-2008 tekin fyrir. Eftirfarandi var bókað um málið:

„Bæjarstjórn lýsir yfir vonbrigðum sínum með að í tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2005-2008 sem lögð er fyrir Alþingi skuli framkvæmdum við Hornafjarðarfjót vera frestað um tvö ár. Eins og kunnugt er var upphaflega áætlað að til þeirra framkvæmdar kæmi 200 m.kr. fjárveiting árið 2006. Bæjarstjórn hefur á undanförunum árum margítrekað nauðsyn þess að ljúka rannsóknum og umhverfismati vegna fyrirhugaðs vegar- og brúarstæðis og hér með er það undirstrikað einu sinni enn. Bæjarstjórn treystir því að við endanlega ákvörðun um fjárveitingar í verkið verði framkvæmdatíminn sem stystur til að vega upp á móti frestun. Því er gerð sú krafa að umhverfismati verði lokið og að ákvörðun um brúarstæði og legu vegarins liggi fyrir eigi síðar en sem fyrst.“

Þessu er hér með komið á framfæri.

Albert Eymundsson

bæjarstjóri